

Alþingi
Erindi nr. P 126/953
komudagur 19.1.2001

SSNV. Samtök sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra
Kt: 541292-2419. Pósthólf 130. 530 Hvammstangi. Sími: 451 2830. Fax: 451 2605

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík.

Hvammstanga 15. janúar 2001

Málefni : Umsagnir um tillögur og lagafrumvörp.


Á fundi stjórnar SSNV sem haldinn var 9. janúar sl. voru tekið til umræðu og umsagnar neðangreind mál og var eftirfarandi bókað:

Erindi frá Alþingi:

1. Umsögn um frumvarp til jarðalaga, 73. mál. Stjórn SSNV telur að nauðsynlegt sé að endurskoða jarðalög, en tekur ekki afstöðu til frumvarpsins að öðru leiti.
2. Umsögn um frumvarp til þjóðminjalaga, 223. mál. Stjórnin gerir ekki athugasemd við frumvarpið.
3. Umsögn um frumvarp til safnalaga, 224. mál. Stjórnin gerir ekki athugasemd við frumvarpið.
4. Umsögn um frumvarp til laga um húsafriðun, 225. mál. Stjórn SSNV telur rangt að sveitarfélög greiði framlag til Húsfriðunarsjóðs og 150 kr. nefskattur sem greiddur eru úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hreint fráleitur. Þetta er verkefni ríkisins og því rétt að framlag til sjóðsins sé framlag á fjárlögum.
5. Umsögn um frumvarp til laga um menningarverðmæti, 226. mál. Umsögn vísað til sveitarfélaga.
6. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sjóvarnaáætlun 2001-2004, 319. mál. Umsögn vísað til sveitarfélaga.
7. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hafnaáætlun 2001-2004, 327. mál. Umsögn vísað til sveitarfélaga.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt


Bjarni Þór Einarsson
framkvæmdastjóri SSNV.